

Lög

um breytingu á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisstjórn skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og hafa stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 28. maí 2004.